

Fréttapistill frá forseta Íslands

30. ágúst 2021

Í nýliðinni viku dreif þetta helst á dagana í embætti mínu. Á mánudaginn var átti ég fund með Önnu Dóru Sæþórsdóttur sem tók í sumar við stöðu forseta Ferðafélags Íslands. Við gengum um Bessastaðanes og ræddum starf félagsins í bráð og lengd, mikilvægi útivistar og náttúruverndar og leiðir til að stuðla enn frekar að þessum mikilvægu þáttum samfélagsins.

Sama dag sendi ég heillaóskir til Volodymyr Zelenskyy í tilefni þess að 30 ár voru liðin frá því að lýst var yfir sjálfstæði Úkraínu. Fimmtudaginn 26. ágúst átti ég svo fjarfundi með Kersti Kaljulaid, forseta Eistlands, og Egils Levits, forseta Lettlands, vegna þess að þann dag voru réttir þrír áratugir liðnir frá því að Ísland tók upp stjórnmalasamband við Eystrasaltslöndin þrjú (í þessari viku mun ég einnig eiga fund með Gitanas Nausėda Litháensforseta). Ég skrifaði greinar í fjölmiðla hér heima og ytra af þessu tilefni og færði Eistlendingum, Lettum og Litháum kveðjur eins og sjá má á heimasíðu embættisins: <https://www.forseti.is/.../2021-08-26-eystrasaltsr%C3%ADkin/>

Síðastliðinn þriðjudag afhenti nýr sendiherra Bretlands, Bryony Mathew, trúnaðarbréf sitt á Bessastöðum. Þeim fjölgar nú, sendiherrunum sem geta haldið milli landa og tekið til starfa. Farsóttin virðist í rénun þótt enn látist fólk hér af völdum hennar. Sem fyrr votta ég aðstandendum samúð.

Síðastliðinn miðvikudag áttum við Eliza góðan fund með sérfræðingum á sviði öldrunar og lífsgæða. Kanadíski öldrunarlæknirinn Samir K. Sinha var aðalfyrirlesari á heilbrigðisþingi í Reykjavík í síðustu viku og Janus Guðlaugsson, doktor í íþrótt- og heilsufræðum, tók einnig þátt í þinginu. Við ræddum við þá um leiðir til að tryggja lífsgæði fólks þegar aldurinn færir yfir. Talið barst þá gjarnan að forvirkum aðgerðum. Ég er sannfærður um að það kæmi samfélaginu öllu til góða ef aukin orka yrði lögð í atbeina á þeim vettvangi. Gildir þá einu hvort litið er til málefna aldraðra eða lýðheilsu og geðheilsu í almennara ljósi.

Í síðustu viku bárust þær fregnir að Gunilla Bergström, höfundur bókanna um Einar Áskel, væri látin. Samúðarkveðju mína sem send var á twitter má lesa hér: <https://twitter.com/PresidentISL/status/1430905568227586054>.

Á laugardagskvöld naut ég skemmtilegra tónleika á upphafsdegi Jazzhátíðar Reykjavíkur í Hörpu í Reykjavík. Fyrst steig Oddrún Lilja Jónsdóttir á svið með félögum sínum og síðan sextett Kathrine Windfeld.

Alla síðustu viku stóðu þau í ströngu, keppendur Íslands á Ólympíumóti fatlaðra, og voru landi og þjóð til sóma. Ég óska þeim og ykkur öllum velfarnaðar.